

Því dæmist rjett að vera:

Stefnuni í máli þessu vísast frá yfirdómi.

Nr. 26/1891.

Þórður J. Thoroddsen

gegn

Ó. A. Olavsen fyrir hönd
ekkjufúrar Christiane Duus.

D ó m u r :

Eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar, eru atvik máls þessa þau, er nú skal greina. Með afsalsbrjefi útgefnu 10. maímán. 1886 selur hinn stefndi fyrir hönd systur sinnar, ekkjufúrar Chr. Duus, sem hann var verzlunarstjóri og umboðsmaður fyrir í Keflavík, áfrýjandanum, hjeraðslækni Þórði J. Thoroddsen, sem þá bjó í Há koti, hús eitt í Keflavík, er kallað var »Fjelagshús«, og þá var orðin eign verzlunar H. P. Duus, eða ekkjunnar frú Christiane Duus; í afsalsbrjefinu er kaupverðið fyrir húsið ákveðið 4000 kr., og voru þá jafnframt af kaupanda greiddar 2000 kr. upp í húsandvirðið, en fyrir 2000 kr. gaf hann samdægurs út skuldabrief til seljanda, og lofaði hann í því að greiða þessar kaupverðseptirstöðvar á 4 næstu árunum með 500 kr. á ári auk vaxta, og áttu afborganir og vextir að greiðast hinn 11. júní ár hvert, unz skuldinni væri lokið. Stefndi heldur því fram, að áfrýjandi hafi eigi borgað upp í skuldabriefið meira en 500 kr. í júnímán. 1889, og sje því skuld hans nú með vöxtum orðin 1809 kr. 60 aur.; hefur hann því höfðað mál þetta í hjeraði gegn áfrýjanda til greiðslu þessarar upphæðar. Þar fjell dómur í málinu fyrir aukarjetti Kjósar og Gull-

bringusýslu hinn 15. maímán. þ. á., á þá leið, að ef áfrýjandinn synji fyrir það með eiði, að kvittun Ó. A. Olavsens á vidurkenningarskjali 10. júní 1886 fyrir 1500 kr. láni áfrýjanda hjá stefnda einnig sje gefin fyrir þeim 1000 kr., er áfrýjandi borgaði til Jóns Gunnarssonar 15. sept. 1886, þá skuli hann vera sýkn af kærnum og kröfum Olavsens, þó svo að hann greiði stefnda 640 kr., gegn því að hinn stefndi afhendi honum til aflýsingar fyrnefnt skuldabryjef, dagsett 10. maímán. 1886; málskostnað skyldi stefndi þá greiða áfrýjanda með 20 kr. En ef áfrýjandi eigi treysti sjer til að vinna eiðinn, skyldi hann greiða stefnda 1809 kr. 60 aur. með 5% vöxtum frá 25. júlí f. á. til borgunardags, og í málskostnað 60 kr. Þessum dómi hefur hjeradslæknir Þórður Thoroddsen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. júlí þ. á., og hefur gjört þær rjettarkröfur, að dómurinn verði úr gildi felldur, og áfrýjandinn algjörlega sýknadur af kærnum og kröfum Olavsens, þannig að hann, áfrýjandi, greiði að eins 640 kr. sem eptirstöðvar af andvirði hússins að rentu meðtaldri, gegn afhending skuldabryjefs þess, er hann hefur út gefið fyrir 2000 kr., en að mótparturinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Stefndi Ó. A. Olavsens hefur aptur á móti krafizt þess, að hjeradsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Eins og framan er um getið, keypti áfrýjandi hinn 10. maímán. 1886 af stefnda umrætt hús í Keflavík, og er kaupverðið fyrir það í afsalsbryjefinu skýlaust ákveðið 4000 kr. Að vísu hefur stefndi undir rekstri málsins síðar látið bera það fram, að það hafi verið

svo umsamið milli hans og áfrýjanda, þótt hinn opinberri kaupsamningur hljóðaði eins og áður segir, að kaupverð hússins skyldi vera 5000 kr. En með því að stefndi eigi hefur komið fram með neinar sannanir fyrir þessum framburði sínum um heimulegan samning, og áfrýjandi á hinn bóginn hefur þegar frá upphafi málsins skýrt og skorinort neitað því, að hann hafi undirgengizt að borga meira fyrir húsið, en þær 4000 kr., sem afsalsbrjefið ákveður, þá verður að álíta, að þessi upphæð sje hin rjettmæta kaupverðsupphæð hússins.

Upp í kaupverð hússins borgaði áfrýjandi, um leið og hann fjekk afsalsbrjef fyrir því, 2000 kr., en eptirstöðvarnar skuldbatt hann sig til að borga á 4 árum með 500 kr. á ári auk vaxta eins og fyr segir. Eins og viðurkennt er af stefnda, borgaði áfrýjandinn í júnímán. 1889 500 kr. upp í kaupverðseptirstöðvarnar, en auk þess heldur hann, áfrýjandinn, því fram, að hann hafi borgað upp í sömu eptirstöðvar 1000 kr. hinn 15. sept. 1886, og hefur hann framlagt til sönnunar því kvittun þáverandi bókhaldara við verzlun H. P. Duus í Keflavík, Jóns Gunnarssonar, en í henni stendur, að hann hafi fyrir hönd stefnda, verzlunarstjóra Ó. A. Olavsens í Keflavík, meðtekið hjá áfrýjandanum 1000 kr. upp í andvirði húss þess, er áfrýjandi hafi keypt af H. P. Duus verzlun. Hinn stefndi hefur kannast við, að hann hafi meðtekið nefndar 1000 kr., en hefur haldið því fram, að þær hafi verið borgun upp í skuld áfrýjanda til sín persónulegu, sem stafað hafi af því, að hann hafi lánað áfrýjanda peninga til fyrstu afborgunar á húsverðinu, og hafi áfrýjandi gefið út viðurkenning fyrir skuld þessari 10. júní 1886. Þessu hefur áfrýjandinn neitað, og kveðst hafa borgað umrædda privat-

skuld á annan hátt og á öðrum tíma, eins og hann hefur nákvæmar skýrt frá. Án tillits til þess, hvernig þessari privatskuld er varið, verður eigi álitid, að stefndi hafi haft rjett til þess, að telja sem greiðslu upp í hana þær 1000 kr., sem áfrýjandinn borgaði Jóni Gunnarsyni hinn 15. sept. 1886 með því beinu fororði, eptir því sem verður að álíta sannað, að þær skyldu ganga upp í andvirði hússins. Einnig getur það eigi komið til greina eða skoðunar í máli þessu milli áfrýjanda og frú Christiane Duus eða verzlunar hennar, hvað áfrýjandinn kann að skulda umboðsmanni og verzlunarstjóra hennar Ó. A. Olavsen. Þess ber og að geta, að álíta verður, að Jón Gunnarsson, er veitti móttöku áður nefndum 1000 kr., hafi eptir stöðu sinni sem bókhaldari og æðsti búðarmaður hjá stefnda, í fjærveru hans getað komið fram gagnvart áfrýjanda með fullkomnum myndugleika til að gefa út kvittun þá, sem hjer er umtals-efni.

Eptir hinu framanritaða verður að álíta það sannað, að áfrýjandinn hafi greitt upp í umsamið andvirði húss þess, sem hann keypti af Duus-verzlun árið 1886 fyrir 4000 kr., auk 2500 kr., sem af stefnda eru viðurkenndar greiddar, einnig 1000 kr. hinn 15. sept. 1886, þannig að eptirstöðvar af andvirði hússins nú eru að eins 500 kr., og með vöxtum, eptir skýrslu áfrýjanda, sem eigi hefur verið haft á móti að því leyti, 640 kr. Þannig verður, án þess ástæða sje til að fara frekara út í privatviðskipti verzlunarstjórans við Duus-verzlun, Ó. A. Olavsens, og áfrýjandans í máli þessu, að sýkna áfrýjandann að öðru leyti en því, að honum ber að greiða stefnda fyrir hönd frú Chr. Duus gegn afhendingu skuldabrefsins 10. maí 1886 þær 640 kr., sem

hann hefur viðurkennt að skulda af eptirstöðvum húsverðisins með vöxtum, og auk þessa rentur af upphæðinni frá 25. júlí 1890, 5 af hundraði, unz borgun fer fram. Eptir öllum málavöxtum á sakarkostnaður fyrir báðum dómum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi Þórður J. Thoroddsen greiði stefnda Ó.

A. Olavsen fyrir hönd ekkjufrúar Chr. Duus 640 kr. með vöxtum, 5 af hundraði, frá 25. júlí 1890, gegn því að stefndi afhendi honum með tilhlýðilegri kvittun áðurnefnt skuldabryf 10. maí 1886. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.